

## STADNAD FÉLAGSFORM

Flest þau félög, sem við þekkjam eru speglun af þjóðfélagslegu valdakerfi, sem við búum við. Félagsstjórnin tekur ákverðanir, ellegar myndar nefndir til að byggja plön um ákvarðanir fyrir sig. Aðrir, sem ekki komast að við slika stefnumótun eru óvirkir og svara tillögum stjórnerinnar jákvætt. Neikvæði þykir mjög ófélagslegt. Frumkvæði er einnig stimplað, sem óánægja ef ekki beinlinis uppreisn ef það kemur neðan frá, vegna þess að félagsformið getur ekki innlimað hugmyndir nema, sem nefndarálit og ferskar hugmyndir þola oft ekki slika meðferð. Það gildir einu þótt stjórnin óski einlæglega eftir frumkvæði, vegna þess að stjórnunarkerfið sjálf gerir ekki ráð fyrir sliku.

Felagslegt afl verður því að leita sér framrásar í nýjum farvegi.

## FORM, SEM GEFUR HUGMYNDUM VAXTARRÚM

Hugmyndasmíð og framkvændaafhl hreyfingarinnar fer fram í starfshópum, sem myndaðir eru, vegna áhuga á mállefni, ef þörf er á rannsókn eða vegna þess að bregðast þarf við ytri aðstæðum. Í raun er sá einn félagi, sem er þátttakandi í starfshóp. Ljúki starfshópur verkefni sínu geta einstaklingar hans sameinast öðrum starfshóp ellegar fundið sínum gamla hóp nýtt verkefni. Tengiliður milli starfshópanna er miðstöð, sem er í eðli sínu þjónustufyrirtæki en ekki stjórn. Þjónustan er fólgin í minnis geymslu og upplýsingamiðlun. Þetta er samgöngutæki starfs-hópanna, sem auðveldar skoðanaskipt og formun nýrra hópa

er þeir eldri hafa lokið hlutverki sínu. Miðstöðinni berast ákverðanir starfshópa, sem myndast hafa um ákveðin verkefni, en hún leggur ekkert gildismat á verkefnaval hópsins eða starfsaðferðir, svo lengi sem þær samrýmast stefnuskrá hreyfingarinnar. Hér er því ekki um að ræða samtök með ákveðnum þátttakendafjölda eða yfirstjórn. Starfssaga hreyfingarinnar er sifellt í mótun og ekki þarf samþykki óstarfandi félaga á því verkefni, sem starfsglaðir hafa valið sér.

#### FRAMKVÆMD Í RAUN

Tveir undangengnir kaflar eru úrdráttur úr upphafslegu starfsplani hreyfingarinnar. Sumarið 1974 var ákveðið á almennri ráðsstefnu að setja ákvæði um örari og virkari skiptingu meðlima í miðstöð. Nú sitja 4 í miðstöð en einn víkur á 3 ja mánaða fresti svo hún endurnýjast stöðugt án þess að starfhæfni hennar rofni. Með auknu starfi hefur þótt heppilegra að mynda 3 fasta starshópa til þess að sinna þeim verkefnum, sem nauðsynleg eru. Í þessum hóper einnig gert ráð fyrir örum skiptum. Hreyfingin er virkur félagsmálaskóli fyrir þá sem þar starfa. Fundir eru eðlilegir og frjálslegir. Eftir því sem hreyfingin vex að þroska og reynslu verður að leggja ríka áherzlu á að kynna öllum hugmyndir nýkomnum hugmyndir hennar og starfsreynslu svonað þeir verði ekki óvirkir sökum þekkingarskorts.

